

Fundargerð 6. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 3. apríl 2013

Árið 2013, miðvikudaginn 3. apríl kl. 14 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til símafundar.

Í síma voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur ársins 2012

Skoðunarmenn hafa yfirfarið ársreikninginn og gera ekki athugasemdir. Hann hefur einnig verið kynntur aðildarsveitarfélögum sem ekki gerðu athugasemdir.

Stjórn staðfestir ársreikninginn samhljóða og munu stjórnarmenn árita hann í Borgartúni 30.

2. Fjárhagsáætlun ársins 2013

Páll leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2013.

Í starfsáætlun er gert ráð fyrir eftirfarandi starfsemi hjá samtökunum.

- 8 stjórnarfundir. Stefnt er að því að halda fundi í aðildarsveitarfélögum til að fá betri innsýn í þau samfélög.
- Kynningarfundur um auðlindamál með Samtökum orkusveitarfélaga 14. mars 2013.
- Kynningarbréf til frambjóðenda til alþingis þar sem gerð er grein fyrir tilgangi og markmiðum samtakanna.
- Sjávarútvegsfundur á haustdögum.
- Skýrslugerð og aðkeyptri ráðgjöf um hagsmunamál samtakanna.

Gjaldkera og starfsmanni falið að ljúka gerð fjárhagsáætlunar sem verði afgreidd á næsta fundi.

3. Kynningarbréf til frambjóðenda til alþingis

Ákveðið að senda kynningarbréf til frambjóðenda til alþingis þar sem gerð er grein fyrir tilgangi og markmiðum samtakanna.

Svanfríður vinnur drög að bréfinu og sendir stjórnarmönnum til umsagnar.

Valur tekur saman upplýsingar um frambjóðendur og heimilisföng.

4. Sjávarútvegsfundur

Með vísan til 9. gr. samþykka félagsins er ákveðið að halda *Sjávarútvegsfund* seinnipartinn þann 2. október í aðdraganda fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Fundurinn er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Sjávarútvegsfundur er öllum opin og tekur ekki ákvarðanir í málefnum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

Ákvörðun um dagskrá frestað til næsta fundar.

5. Fundadagatal

Valur leggur til að sett verði upp fundadagatal fyrir samtökin sem birt verði á vef samtakanna.

Svanfríði og Val falið að gera tillögu að fundadagatali til afgreiðslu á næsta fundi.

6. Tilboð vegna vinnu við upplýsingaöflun

Elliði upplýsti að ráðgjafinn hefur ekki haft tækifæri til að vinna tillögu að verkefnisáætlun sökum anna við önnur verkefni. Hennar er að vænta á næstu dögum.

Ekki hafa borist upplýsingar frá Byggðastofnun um þróun starfa í veiðum og vinnslu. Svanfríður mun kalla eftir þeim upplýsingum.

Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Málþing um auðlindamál. Fiskur, orka og olía.

Umræða um málþing um auðlindamál sem haldið var í samvinnu við Samtök orkusveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti þann 14. mars síðastliðinn.

Stjórnarmenn voru mjög ánægðir með málþingið og umræður sem spunnust í kjölfarið. Málþingið hefur að líkindum opnað á faglegri umræðu um málefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Fundargerð skráði RR.